

Kennslugögn:

New Headway Intermediate 4th Edition (Student's book)

Used in Evidence (short stories) Frederick Forsyth

A Matter of Chance (novel) Hill

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Lýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennend eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

Forkröfur: Einkunn sem er á bilinu 5-7 úr grunnskóla / 1. Þrepi lokið.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

Námsmat:	Lýsing	vægi
Kaflapróf	Headway (4-5 kaflar)	20%
Verkefni/próf	orðabók	5%
Verkefni/próf	Used in Evidence 3 sögur	10%
Verkefni/próf	A Matter of Chance	10%
Verkefni	önnur vinna á önninn / ástundun	5%
Próf	lokapróf	50%

Þeir nemendur sem fá 8 í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Nemendur með lögleg forföll geta tekið sjúkrapróf í lok annar. Þetta gildir um alla nemendur áfangans.

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

F.Su. 4 janúar 2016

Helgi Þorvaldsson / Ægir Pétur Ellertsson
Kennarar